

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kvartanir vegna veikra barna í Korpuskóla/Staðahverfi þar sem grunur var um að veikindin væru vegna myglu á árunum 2016 – 2019

Á 210. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 8. júní 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvort að kvartanir hafi borist vegna veikra barna í Korpuskóla/Staðahverfi þar sem grunur var um að veikindin væru vegna myglu á árunum 2016 – 2019. Ef svo var voru gerðar úttektir á skólahúsnæðinu og mælt hvort að myglu væri að finna í því? Voru gerðar lagfæringar á húsnæðinu?

Svar:

Leitað var til Árnýjar Ingu Pálsdóttur, fyrrverandi skólastjóra Kelduskóla/Korpu en hún fékk aðstoð frá fasteignastjóra byggingarinnar og þáverandi umsjónarmanni til að svara því sem snýr að framkvæmdum. Varðandi veikindi bar hún málið undir samstarfsfólk sitt á þessum tíma, þáverandi verkefnastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Veikindi

Það komu ekki fram kvartanir um veikindi, hvorki formlegar né óformlegar, sem hægt var að rekja til gruns um myglu í skólahúsnæði Kelduskóla Korpu á árunum 2016-2019, hvorki frá foreldrum né starfsfólki.

Framkvæmdir

Í maí 2017 lak þakið á skólagötu, langa ganginum eftir að niðurfall í enda þaksins stíflaðist. Þakpappinn hélt ekki og var þá skipt um neðsta hluta þaksins og bræddur þakpappi endurnýjaður ásamt því að lagfæra flasningar. Settur var ný þakdúk á milliþakið. Í kjölfarið var skipt um allar loftplötur innandyra. Skipt var um gólfdukk í anddyri. Gólfdukkurinn í anddyrinu lyftist upp út af ílögninni í gólfinu sem var laus undir. Gólfið var brotið upp 2018 og endursteypt. Það var ekki leki þar eða rakaskemmdir.

Almennt var viðhaldi skólans vel sinnt á þessum árum og almenn ánægja var með húsnæðið bæði hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki.